

Tillaga til 496. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. júní 2022

Tillaga frá 585. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 9. júní 2022, um að bæjarstjórn samþykki að Teitur Magnússon fái lóðina við Ártungu 3, Ísafirði skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

12. Ártunga 3 - umsókn um lóð - 2022050117

Teitur Magnússon sækir um lóð við Ártungu 3 á Ísafirði skv. umsókn dags. 13. maí 2022. Lóðin var auglýst laus til úthlutunar þann 12. maí 2022 og var umsóknarfrestur 10 dagar. Tvær umsóknir bárust um Ártungu 3 og því ræður hlutkesti úthlutun í samræmi við grein 1.1 í lóðarúthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar.

Tveir aðilar sóttu um lóðina á auglýsingatíma. Varpa þurfti hlutkesti á fundinum í votta viðurvist, til að ákvarða úthlutun. Að loknu hlutkesti leggur skipulags- og mannvirkjanefnd til við bæjarstjórn að Teitur Magnússon fái lóðina við Ártungu 3, Ísafirði skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.